

Ísfélag Vestmannaeyja – FES  
Páll Scheving  
Strandvegi 28  
900 Vestmannaeyjar


Reykjavík, 12. ágúst 2019  
UST201901-202/gf  
08.10.02

**Varðar vettvangsheimsókn vegna eftirlits ársins 2019 – fiskimjölsverksmiðja  
Ísfélags Vestmannaeyja**

Þann 28. júní sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyjum FES í Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlit en enn er frávik opið vegna frárennslismælinga (rennslismælinga) og vegna ryks í útblæstri gamla ketilsins (#1 suður). Ábending var gerð um að skrá olú- og lýsismannvirki og senda á Umhverfisstofnun upplýsingar um stöðu þeirra gagnvart reglugerð um olúmengun frá starfssemi í landi nr. 884/2017.

Virðingarfyllst



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja FES Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.6 2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja FES	Eftirlitsmaður	Hera Guðlaugsdóttir
Heimili	Strandveg 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjolsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15 20.7 Mjöl og lýsisv
Fulltrúi fyrirtækis	Bragi og Björgvin	Staðsetning	436690,981 326978,971

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvo eldn frávik eru enn opin. Ekkert nýtt frávik kom fram. Ábending var gerð um skráningar olíu- og lýsismannvirkja vegna krafna í nýlegri reglugerð nr 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjolsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf í Vestmannaeyjum (FES), Páll Scheving, Bragi Júlíusson og Björgvin Björgvinsson voru fulltrúar rekstraraðila og Hera Guðlaugsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Vinnsla í verksmiðjunni var ekki í gangi þegar komið var í eftirlit.

Fiskimjolsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja FES er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 27.8 2014 og gildir það til 2030. Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins.

Starfsleyfið heimil framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

### Dagskrá

1. Síðustu eftirlitsskýrslur (staða frávik)a úrbætur í frárennismálum  
b. úrbætur í útblástursmálum
2. Krafur í starfsleyfi um áætlanir, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Mengunaráhopp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar
5. Krafur til olíu- og lýsismannvirkja í reglugerð nr 884/2017
6. Losun gróðurhúsalofttegunda (Hera)
7. Önnur mál, atvik, óhopp og kvartanir

### 1a. Úrbætur í frárennismálum fiskimjolsverksmiðjunnar.

Í eftirliti síðasta árs var skráð frávik á hátt gildi fyrir fitu í síðustu mælingu í frárennslu verksmiðjunnar. Rekstraraðili útskýrir í tolvupósti frá 30 ágúst sl. að hreinsivirki félagsins er að þjónusta bæði frystihús og fiskimjolsverksmiðju og farið verði í breytingar á lognum þannig að hægt verði að taka sýni sem er úr frárennslu fiskimjolsverksmiðjunnar eingöngu. Óskaði rekstraraðili eftir fresti til 1 mars sl. til þess að ljúka málinu. Í eftirlitinu voru eftirlitsaðila afhentar niðurstöður mælinga sem sýna að fita mælist 3 mg/L, en ekki er hægt að reikna út magn COD og svífefna í frárennslinu þar sem rennismælingar fylgdu ekki með né magn unnins hráefnis á þeim sólarhring sem mælingar stóðu yfir. Losunarmork fyrir COD og svífefni eru gefin upp sem kg/tonn hráefnis annars vegar og g/tonn hráefnis hins vegar. Frávikid er því enn opið og skal rekstraraðili ljúka breytingum í frárennslu svo hægt sé að rennismæla frárennslu fiskimjolsverksmiðjunnar. Senda þarf stofnuninni tímasetta úrbótaáætlun um lok framkvæmda.

### 1b. Úrbætur í útblæstri fiskimjolsverksmiðjunnar

Ryk í útblæstri verksmiðjunnar hefur verið að mælast yfir losunarmorkum þegar niðurstöður mælinga hafa verið umreiknaðar að 3 % súrefni. Nýr ketill (#2 norður) var tekinn í notkun á síðasta ári og stenst hann losunarmork fyrir ryk í útblæstri. Frávik frá árinu 2017 er hins vegar opið vegna gamla ketilsins (#1 suður). Viðbrogð rekstraraðila við því var að óska eftir breytingu á starfsleyfi og fara fram á að umreiknað sé að hætta súrefnismagni í útblæstri. Farið var fram á að í útreikningum sem miðað við 9,9 % súrefni. Frávikinu verður haldið opnu þar til svor berast frá Umhverfisstofnun eða að krotum í starfsleyfi verður mætt með öðrum hætti.

### 2. Kröfur í starfsleyfi

Farið var yfir krotur starfsleyfisins. Áætlanir um frágang vegna stoðvunar reksturs, hreingerningaáætlun og viðbragðsáætlun liggja fyrir. Bent var á að uppfæra þarf viðbragðsáætlun. Umhverfisstofnun er ekki viðbragðsaðili og tilkynningar til stofnunarinnar skulu berst á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is). Taka skal út símanúmer stofnunarinnar í viðbragðsáætluninni.

TVN mælingar berast eftir hverja vertíð, mælingar í frárennsli berast árlega. Skýrsla um heildarlosun næringarefna í fráveitu (ákvæði í grein 5.1) er í vinnslu en enn á eftir að ljúka úrvinnslu gagna vegna kolmunna- og makrílvertíða. Mælingar í útblæstri hafa farið fram svo og hljóðmæling (hávaði). Ýmsar skráningar á rekstrarþáttum skulu gerðar. Skoðuð voru dæmi um skráningar og eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

### 3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

### 4. Mengunaráhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar

Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnareftirliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaráhoppa. Logð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tolvupóstfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Eins og að ofan segir þá þarf að uppfæra viðbragðsáætlun m t t þessa.

### 5. Kröfur til olíu- og lýsismannvirkja í reglugerð nr. 884/2017

Í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er gerð sama krafa til mengunarvarna við olíu- og lýsisgeyma. Útfærsla á krofnum er í reglugerðinni en nú er gerð krafa um að lýsisgeymar standi í lelavorn (þró) og niðurfali í þrónni skal tengt olíuskilju. Frárennsli olíuskiljunnar skal mælt á þriggja ára fresti og skimað fyrir olíu í frárennslinu. Geymar skulu botnþykktarmældir á tíu ára fresti og olíufylltar (lýsisfylltar) lagnir þrýstiprófaðar á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um stoðu þessara mála hjá rekstraraðila. Óskað er eftir að rekstraraðili sendi stofnuninni yfirlit yfir stoðu mála.

### 6. Losun gróðurhúsalofttegunda

Hera Guðlaugsdóttir starfsmaður Umhverfisstofnunar í málaflokk ETS – viðskiptakerfi ESB með losun gróðurhúsalofttegunda fór nú yfir sinn málaflokk. Fram kom að orkuþorf fiskimjolsverksmiðjunnar er ekki fullnægt með raforku og því eru olíukatlar í notkun. Flutningur raforku til Vestmannaeyja hefur ekki verið í forgangi hjá aðilum sem sjá um dreifingu raforku á landsvísi og helst strandar á byggingu spennistöðva.

Farið var í nýtingu orkunnar og rekstraraðilar sögðu stoðugt unnið við að einangra og draga úr hitatapi í verksmiðjunni.

### 7. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

Engar formlegar kvartanir vegna verksmiðjunnar hafa komið fram. Lykt eða hávaði væru helst það sem kvartað væri yfir en þrátt fyrir nálægð við aðra starfssemi, ferðamenn og skemmtiferðaskip þá hefur ekkert verið kvartað.

Farið var í stutta skoðun í verksmiðjunni, katlar og brennarar skoðaðir, eins þurr- og blauthluti verksmiðjunnar og litð inn í mjolgeymslur. Allt var snyrtilegt á að líta.


## ÁBENDINGAR

Ábending var gerð um skráningar olíu- og lýsismannvirkja vegna krafna í nýlegri reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1 Frávik Framkvæmd telst ekki í samræmi við krofur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og oryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.08.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson